

Fundargerð 70. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, föstudaginn 7. janúar kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 69. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 10. desember sl., lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs - 2009107SA

Á síðasta fundi verkefnisstjórnar, þann 10. desember sl, var nýtt viðskiptamódel Úrvinnslusjóðs rætt en sjóðurinn vinnur að gerð tillögu um hvernig greiðslur í tengslum við sérstaka söfnun gætu verið útfærðar innan viðskiptamódel Úrvinnslusjóðs. Með breytingum á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald skulu framleiðendur og innflytjendur vara, skv. 2. mgr. 24. gr., fjármagna og tryggja meðhöndlun vöru sem er orðin að úrgangi. Fjármögnunin skal þ.m.t. standa straum af kostnaði við sérstaka söfnun, sem og aðra söfnun úrgangsins eftir atvikum og meðhöndlun hans.

Jafnframt hefur starfsemi Úrvinnslusóðs verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanfögnu þar sem ráðstöfun úrgangs sem heyrir undir sjóðinn hefur ekki alltaf verið sem skyldi. Slík umfjöllun hefur kynnt undir tortryggni um að úrgangur sem flokkaður er frá og skilað til endurvinnslu rati ekki réttar leiðir. Einnig hefur Ríkisendurskoðun málefni sjóðsins til athugunar. Stjórn sjóðsins hefur rætt umfjöllunina og viðbrögð við henni.

Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs sögðu frá helstu málum sem stjórnin hefur haft á sínu borði að undanfögnu.

Í umræðu um málið kom fram að verkefnisstjórn leggur á þessu stigi megináherslu á að fá fram sem skýrastar forsendur um hvaða þættir í úrgangsméðhöndlun verði

fjármagnaðir af framleiðendaábyrgð og að hve stórum hluta. Í því samhengi þarf m.a. að skoða kostnað við rekstur söfnunar við heimili auk grenndarstöðva og söfnunar- og móttökustöðva. Einnig er mikilvægt að stefna að samræmdu verklagi um fjárhagsleg samskipti milli sveitarfélaga og þjónustuaðila vegna greiðslna frá Úrvinnslusjóði. Varðandi starfsemi Úrvinnslusjóðs almennt og fjölmiðlaumfjöllun um málefni hans telur verkefnisstjórn mikilvægt að auka gegnsæi um árangur af starfsemi sjóðsins til að byggja upp trúverðugleika.

Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs munu upplýsa verkefnisstjórn um framvindu verkefna.

Bryndís Gunnlaugsdóttir vék af fundi.

3. Breytingarnar framundan vegna lagabreytinga - 2112034SA

Verkefnisstjórnin hefur fjallað um lagabreytingar frá því sl. sumar til innleiðingar hringrásarhagkerfis, síðast á fundi sínum 10. desember. Með lagabreytingunum voru gerðar viðamiklar breytingar á kröfum til úrgangsstjórnunar sveitarfélaga sem flestar koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Ljóst er að þessar breytingar munu auka kostnað við meðhöndlun úrgangs. Fulltrúar sambandsins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hafa rætt aðgerðir til stuðnings þessum breytingum og fjármögnun á þeim. Drög að verkefnalýsingu fyrir nokkur stuðningsaðgerðir, dags. 28. desember sl., er lögð fram til kynningar.

Verkefnisstjóri og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs greindu frá því að fyrir liggja drög að samningi milli umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þriggja verkefna sem snúa að innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Verkefnisstjórn lýsir mikilli ánægju með þau stuðningsverkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í og telur afar jákvætt að ráðuneytið hyggist á þennan hátt styðja við innleiðingu fyrirhugaðra breytinga á vettvangi úrgangsstjórnunar sveitarfélaga. Verkefnið verða kynnt nánar fyrir sveitarfélögum á komandi vikum.

4. Stofnuð hafa verið norrænu samtökin EUPicto um samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009210SA

Þann 13. desember sl. voru stofnuð norræn samtök um samræmdar merkingar fyrir flokkun úrgangs sem kallast EUPicto. Til kynningar er samningur um stofnun samtakanna með sömu dagsetningu. Sambandið er stofnaðili að samtökunum og situr Jón Viggó Gunnarson framkvæmdarstjóri SORPU bs. í stjórn samtakanna sem fulltrúi Íslands. Hlutverk samtakanna verður m.a. að tryggja áframhaldandi samræmingu merkinga á Norðurlöndunum og þróa fleiri merkingar inn í kerfið. Stofnun samtakanna hefur hlotið athygli og birtist m.a. umfjöllun um samtökin og norræna merkingarkerfið í nýjasta tölublaði Waste Management World. Þann 21. desember sl. var undirritaður samningur sambandsins og Fagráðs um endurnýtingu og úrgang (FENÚR), um áframhaldandi innleiðingu merkjana héraendis. FENÚR hefur þýtt og staðfært merkingarnar sem eru aðgengilega án endurgjalds á heimasíðu félagsins. Hjalagður er samningur sambandsins og FENÚR með sömu dagsetningu.

Málið tengist breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs frá því sl.

sumar er skv. 4. mgr. 10. gr. laganna gerð krafa um samræmdar merkingarnar a.m.k. fyrir pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni. Vísað er til norræna merkingakerfisins í því sambandi.

Verkefnisstjóri, sem jafnframt er formaður FENÚR, segir frá málinu.

Verkefnisstjórn fagnar því að samstarf um verkefnið er hafið, með stofnun EUPicto og samningi við FENÚR um framkvæmd hér á landi. Aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga að þessu verkefni er fjármögnuð af umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem undirstrikar að samræmdar úrgangsmarkeringar eru einn af lykilþáttum við innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi.

5. Framhald forverkefnis um brennslumál - 2009109SA

Þann 15. desember sl. var haldinn lokafundur í fundarröðinni „Skör ofar“ sem stýrihópur forverkefni um hátæknibrennslu til orkunýtingar úrgangs í stað urðunar stóð fyrir í samstarfi við sambandið. Á fundinum voru kynntar niðurstöður forverkefnisins og tillögur að næstu skrefum. Lögð var fram lokaskýrsla stýrihópsins, dags. 15. desember sl. og rædd valin atriði úr skýrslunni, m.a. varðandi stofnun undirbúningsfélags og kosti og galla ólíkra félagsforma.

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir sveitarfélögum á vinnslustigi á opnum streymisfundum. Verkefnisstjórn telur þó þörf á frekari kynningu á næstu mánuðum, m.a. í tengslum við gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs.

6. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA

Sambandið og Umhverfisstofnun undirrituðu samning, dags. 8. júní, um vinnu við gerð greiningar á útfærslum á breyttri innheimtu sveitarfélaga skv. „Borgaðu þegar þú hendir“ aðferðafræði sem gerð er krafa um eftir 1. janúar 2023 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þessi vinna er á lokametrinum og stefnt er á að endanleg skýrsla verður tilbúin til kynningar 18. janúar. Yfirlesin drög að greiningu EFLU voru lögð fram til kynningar og gerði verkefnisstjóri nánari grein fyrir stöðu málsins.

Verkefnisstjórn mun fá frekari kynningu á skýrslunni 18. janúar. Jafnframt verður á næstunni unnið að undirbúningi síðari áfanga verkefnisins og verður þá höfð hliðsjón af ábendingum sem fram komu við umræðu um málið.

7. Önnur mál - 2009111SA

Vakin var athygli á nýjum úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 89/2021, um förgunargjald vegna dýrahæja. Frétt um málið er á heimasíðu sambandsins.

Einnig var rætt um mikilvægi opins samráðs milli sveitarfélaga um innleiðingu laganna og kom fram vilji til samstarfs um framkvæmd upplýsingafunda á næstu mánuðum. Sambandið og SORPA bs munu funda sérstaklega um slíkt samstarf.

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður mánudaginn 14. febrúar kl. 11.

Fundi var slitið kl. 13:30

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson